

EFTIRLITSSKÝRSLA

Straumfiskur - Óli Valur Stefánsson Stokkahlöðir



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Straumfiskur - Óli Valur Stefánsson	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skógartröð 7	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	080770-5299	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Óli Valur Stefánsson	ÍSAT nr.	43.32.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi í stöðinni var án starfsleyfis og kom fram frávik við eftirlit síðasta árs þess efnis. Var rekstraraðila gert að sækja um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar eða hættu starfsemi. Í úrbótaáætlun rekstraraðila frá 4. febrúar sl. kom fram að starfseminni yrði hætt haustið 2018 og var sú áætlun samþykkt af hálfu stofnunarinnar. Staðfest var í eftirlitinu að fiskur var ekki sjáanlegur í tjörnum stöðvarinnar og innrennsli hefur verið stöðvað. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit í starfsstöð Straumfisks að Stokkahlöðum, Eyjafjarðasveit. Starfseminni hefur verið hætt og enginn fiskur sjáanlegur í eldistjörnunum.

Um 300kg af bleikju, að meðaltali 700g að þyngd var slátrað í stöðinni nú í lok október. Var fiskurinn færður í hrægám sveitafélagsins. Ekki var að sjá neinar fóðurleyfar, uppsöfnun eða annan úrgang við tjarnirnar.

Innrennsli í tjarnirnar var tekið úr bæjarlæk við hlið tjarnanna en mön skilur svæðið að. Frárennsli er einnig leitt út í sama bæjarlæk. Innrennslið í tjarnirnar hefur verið stöðvað og verður fyllt upp í þær við fyrsta tækifæri. Um tvær 5 x 15m tjarnir er að ræða, í grónu landi við hlið námustaðar og bílapartaaðstöðu.

Rekstraraðili skal skila inn staðfestingu þess efnis að fyllt hafi verið upp í tjarnirnar að verki loknu.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.12.2018

Guðbjörg Stella Árnadóttir